

## ÖRNEFNASTOFNUN

Norður-Ísafjarðarsýsla  
Eyrarhreppur

Tunga, aths. og viðb. 1  
Samlesið J.H.

### Tunga

Athugasemdir og viðbætur.

Sigurjón Halldórsson skráði 1981.

Nónmýrar (12) voru eyktamark frá Tungu. Tvö önnur eyktamörk frá Tungu hef ég heyrt nefnd, Hádegishvilft og Miðmundahvilft. Hádegishvilftin er í hásuðri frá Tungu, en Miðmundahvilft í suðvestri. Báðar hvilftirnar eru í Hafrafellslandi, Hádegishvilft á mótum fjallanna Kubbs og Háafells, en Miðmundahvilft á mótum Háafells og Langafells, en þessi fjallgarður liggur á milli Dagverðardals (2) og Engidals. Háafell er hæsti hnúkur fjallsins.

1925 voru síðast fráfærur í Tungu. Man ég það glöggt, því ég var síðasti smali á nefndum stað, þá 13 ára.

Í þjóðsögum og sögnum hef ég lesið um dómping, sem haldin voru á Lögréttu (17), svo sem í sambandi við búðarránið á Skutulsfjarðareyri og fleira.

Áður en tún var gert á Lögréttu, sást móta fyrir tótt hringmyndaðri, sem mun hafa verið 4 - 5 metrar í þvermál. Ekki veit ég, hvort ástæða er til að setja hana í samband við nafnið, en þó gæti það verið.

Leynilágar (22b) eru tvær, **Efri-** (53) og **Neðri-** (54). Þær eru grasi vaxnar og voru notaðar til slægna, áður en túnrækt færðist í aukana. Nafnið held ég að sé dregið af því, að ekki sést í hvolfin, fyrr en að þeim er komið.

Um nafnið Þinghóll (52) hef ég ekki heyrt neinar sagnir og veit ekki, af hverju það er dregið, en hólinn man ég vel; var hann hringmyndaður og efsti kollurinn nálægt 50 m. Þegar hóllinn var jafnaður út, í sambandi við túnrækt, komu í ljós veggjabrot og mikið af fiskbeinum, sem bentil til, að þar hefði staðið hjallur eða skemma.

Sem barn gat ég þess til, að nafnið hefði hóllinn hlotið af því, að hrafnar hefðu haldið sín þing á hólnum.

Fjallið Hnífar (3) liggur á milli Dagverðardals og Tungudals (1). Heimst í fjallinu eru smáklettabelti í brún og einnig í hjallarönd neðar í fjallinu. Hlíðin Dagverðardalsmegin er kölluð Belti (20). Tungudalsmegin í Hnífum heitir efri hluti hlíðarinnar Girðingar (21), en neðri hlutinn, neðan hjalla, í miðri hlíð, Skriður (22), enda mjög skriðurunnin. Ártungur (30) eru í Tungudalsbotni, grasi vaxnar og notaðar til slægna áður.

Í norðurhlíð Tungudals er svokallaður Tunguskógr (48). Hlíðin skiptist í þrjá hjalla, sem kallast **Lægstabrún** (55), **Miðbrún** (56) og **Hæstabrún** (57). Upp af því, er dalbotninn fer að hækka, verður hlíðin hjallalaus, og kallast sá hluti hennar **Hábrún** (58). Þar sveigir dalurinn meira til vesturs, svo norðurhlíðin sést ekki frá Tungubænum. Heitir þar Leiti (46). Þá taka við Þverlækjarbrúnir (45) í tveim hjöllum, neðri hlutinn vaxinn kjarri, en efri hlutinn grasi vaxinn og áður notaður til slægna.

Stafrófsskrá örnefna.

Efri-Leynilág 53  
Hábrún 58  
Hæstabrún 57  
Leynilág, Efri- 53  
Leynilág, Neðri- 54  
Lægstabrún 55  
Miðbrún 56  
Neðri-Leynilág 54

Paðan og heim dalinn er graslendi nokkurt og kallast það Lækir (11). Þar fyrir neðan eru slægjulönd, er nefnast Nónmýrar (12). Þar fyrir heiman er kallað Ból (13), þar sem nytkaður var ásauður, meðan fráfærur voru við líði. Þar fyrir heiman heitir Árdalur (14), meðfram Tunguá allt til sjávar. Svæðið á milli árósanna, b.e. Tunguár og Úlfssár, heitir Tunguskeiði (15) og er oft kallað aðeins Skeiði. Var þar til skamms tíma melur einn lítt gróinn, en er nú ræktaður að nokkru.

Yzt á Skeiðinu (16) voru hringmyndaðar tóttir, sem nefndust Lögréttu (17), en þær munu hafa verið jafnaðar við jörðu vorið 1928 eða þar um bil, vegna ræktunarframkvæmda. Fyrir framan Bólið, sem er undir Hnífafjalli, heita Ásar (18). Á þeim eru stórir einstakir steinar, nefndir Grettistök (19). Hlíðin í ~~m~~ fjallsmúlanum Dagverðardals megin, heitir Belti (20), en Girðingar (21) og Skriður (22) neðri hlutinn, Tungudals megin. Á austanverðu Hnífafjalli eru hvolf hvert upp af öðru, sem kölluð eru Leynilág (22 B). Hinum megin á fjalllinu heita Blettir (23) og Pverárhvolf (24). Upp af þeim eru slægjur, sem heita Pverárdalir (25).

Framar eru svo Ártunguhvolf (26), Tungudals megin. Á Breiðadalsheiði er Breiðadalsheiðarvatn (27) og rennur Úlfssá úr því, en fyrir framan botn Tungudals er Botnsheiðarvatn (28) og rennur Tunguá úr því. Fremst í Tungudal heita Búrfellsmóar (29) og Ártungur (30), sem er slægjuland. Fyrir heiman þær er leiti, sem nefnist Tagl (31), en síðan er komið að Pverá (32), er rennur af Pverárdölum. Þar fyrir heiman er Pverhlíð (33). Búrfell (34) er einstakt fjall 741 m á hað, norður af botni Tungudals. Liggur Botnsheiðarvegur (35) vestan megin við það um svo kallað Heiðarskarð (36) til Súgandafjarðar. En norðan við það er Miðfell (37)

og er Gyltuskarð (38) á milli þeirra. Út frá Miðfelli er háls, sem nefnist Miðfellsfótur (39) og Miðfellsháls (40), sem tengir það við Kistufell (41). Þar fyrir utan er svo Sandfell (42), sem er lægra en hin fellin. Fremst í Tungudal eru slægjur þær, er Heystaður (43) nefnast, en þar fyrir heiman eru Pverlækjir (44) og Pverlækjar-brúnir (45). Þá er svo nefnt Leiti (46), sem er niður við á og upp til hlíðarinnar, en dalkrúnin þar yfir heitir Háabrun (47). Þar fyrir neðan er Tunguskógar (48), sem er 2 - 3 m háar birkiskógar í mynni Tungudals norðan megin ár. Niður miðjan skógin fellur smá á í fossum og hávöðum, er kallast Buná (49). Þar er sumarbústaðaland ísfirðinga. Fyrir utan Buná er svo fjallshryggur sá, er Múli (50) heitir eða Seljalandsmúli (51). Í túninu nálægt bænum er ör-nefnið Pinghóll (52).

ÖRNEFNASTOFNUN

Ornefni Tungu í stafrósröð.

Austmannafell	9	Miðfell	37
Árdalur	14	Miðfellsfótur	39
Ásar	18	Miðfellsháls	40
Ártunguhvolf	26	Múli	50
Ártungur	30	Nónmýrar	12
Breiðadalsheiði	7	Skeiði	16
Ból	13	Skriður	22
þelti	20	Sandfell	42
Blettir	23	Seljalandsmúli	51
Breiðadalsheiðarvatn	27	Tungudalur	1
Botnsheiðarvatn	28	Tungá	4
Búrfellsmóar	29	Tunga	6
Búrfell	34	Tunguleiti	10
Botnsheiðarvegur	35	Tunguskeiði	15
Buná	49	Tagl	31
Dagverðardalur	2	Tunguskógur	48
Grettistök	19	Úlfssá	5
Girðingar	21	Pverfjall	8
Gyltuskarð	38	Pverárhvolf	24
Hnífar	3	Pverárdalir	25
Heiðarskarð	36	Pverá	32
Heystæður	43	Pverhlíð	33
Háabrun	47	Pverlækir	44
Kistufell	41	Pverlækjarbrúnir	45
Lækir	11	Pinghóll	52
Lögréttu	17		
Leynilág	22 B		
Leiti	46		